ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og 453/2010
Útgáfa: 3.2.0
Dags.: 24. júní 2019

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **LIGHTER FLUID**

Efnaheiti	Nafta (jarðolía), vetnismeðhöndluð létt
REACH#	01-2119473851-33
CAS#	64742-49-0
EINECS#	920-750-0

1.2. Tilgreind notkun Kveikjaravökvi.

1.3. Söluaðili

Takk hreinlæti ehf.
Draghálsi 20
110 Reykjavík
Sími 577 6500
Tengiliður takk@takk.is
Veffang www.takk.is

1.4. Neyðarsímanúmer
Neyðarlínan: 112
Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar

CLP-FLOKKUN
Eldf. vökvi 2; H225
Eit. v. ásvelg. 1; H304
Húðert. 2; H315
STOT SE 3; H336
Langv. eit. á vatn. 2; H411

2.2. Merkingaratriði
Hættumerki



Viðvörunarorð Hætta

Hættusetningar
H225 – Mjög eldfimur vökvi og gufa.
H304 – Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.
H315 – Veldur húðertingu.
H336 – Getur valdið sljóleika eða svima.
H411 – Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

Varnaðarsetningar
P102 – Geymist þar sem börn ná ekki til.
P210 – Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar.
P261 – Gætið þess að anda ekki inn ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi.
P264 – Þvoið húðina vandlega eftir meðhöndlun.
P271 – Notið eingöngu utandyra eða í vel loftræstu rými.
P273 – Forðist losun út í umhverfið.
P301+P310 – EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni.
P304+P340 – Eftir innöndun: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun.
P331 – EKKI framkalla uppköst.
P332+P313 – Ef efnið ertir húð: Leitið læknis.
P391 – Safnið upp því sem hellist niður.
P403+P233 – Geymist á vel loftræstum stað. Umbúðir skulu vera luktar.
P501 – Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri móttökustöð.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.1. Efni

Efni	Efnakenni
Nafta (jarðolía), vetnismeðhöndluð létt	CAS#: 64742-49-0 EINECS#: 920-750-0 REACH# 01-2119473851-33

3.3. Aðrar upplýsingar

Upplýsingar Inniheldur <0,1% bensen (EINECS# 200-753-7).

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁLP

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp

Almennt Einkenni eftir snertingu geta verið tafin. Ef í vafa, leitið læknis eftir beina snertingu við efnið eða viðvarandi óþægindi og sýnið þetta öryggisblað.

Eftir innöndun Færið viðkomandi í ferskt loft og látið hvílast. Í alvarlegum tilfellum, ef öndun verður óregluleg eða stöðvast, beitið blástursaðferð.
Leitið læknis strax.

Eftir snertingu við augu Skolið opin augu með vatni í a.m.k. 15 mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef til staðar. Leitið læknis strax.

Eftir snertingu við húð Skolið húðina strax með sápu og vatni. Notið ekki leysiefni.

Eftir inntöku Ekki framkalla uppköst vegna hættu á ásvelgingu. Gefið meðvitundarlausum aldrei neitt til inntöku. Leitið læknis strax.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Einkenni og áhrif Ef efnið er tekið inn og kastað upp er hætta á ásvelgingu sem getur leitt til lungnabólgu eða köfnunar.

4.3. Merki um þörf á bráðri læknisþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Meðhöndlun Engin gögn.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIAÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi Alkóhólþolin froða, vatnsúði, slökkviduft, koltvísýringur.

Óviðeigandi Ekki nota vatnsbunu.

5.2. Sérstök hætta af blöndunni

Hætta Skaðlegar lofttegundir (kolefnisoxíð) geta myndast við bruna.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Sérstakar ráðstafanir Kælið ílát og kæfið gufur og lofttegundir með vatnsúða. Safnið og fargið slökkvivatni sérstaklega.

Hlífðarbúnaður Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað og fersloftstæki.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Ráðstafanir Tryggið næga loftræstingu. Haldið frá íkveikjugjöfum. Varist snertingu við húð, augu og fatnað. Notið persónuhlífar. Sjá 8. lið.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir Varist dreifingu leka og að hann berist í jarðveg, vatnsfarvegi, niðurföll og holræsi. Gerið viðeigandi yfirvöldum viðvart ef efnið mengar umhverfið.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Aðferðir og efni Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Færið ílát af lekasvæði. Safnið með ídrægu og hvarftregu efni og setjið í viðeigandi ílát til förgunar.
Fargið hjá viðurkenndri móttökustöð.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Aðrir liðir Engin gögn.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Ráðstafanir Tryggið fullnægjandi loftræstingu þar sem efnið er geymt eða flutt.
Notið öndunarhlífar ef styrkur fer yfir viðmiðunarmörk fyrir váhrif á vinnustað. Gerið ráðstafanir eftir aðstæðum og eðli verks til að hindra losun skaðlegra efna og lágmarka hættu á váhrifum.

Hreinlæti Þvoið hendur vandlega fyrir vinnuhlé og í lok vinnudags. Neytið ekki matar, drykkjar eða tóbaks við notkun efnisins. Haldið fjarri matvælum og drykkjarvörum. Varist innöndun og snertingu við húð og augu. Farið strax úr óhreinkuðum fatnaði. Tryggið að augnskol og öryggissturtur séu innan seilingar frá vinnustöð.

Eld- og sprengivarnir Gufur geta myndað sprengifima blöndu við loft. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafmagni. Haldið fjarri hitagjöfum og íkveikjugjöfum. Notið sprengitraustan búnað og áhöld sem neista ekki.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmanleika

Geymsla Geymið í tryggilega luktum umbúðum á þurrum, köldum og vel loftræstum stað. Geymið fjarri hita og beinu sólarljósi.

7.3. Sérstök notkun

Sérstök notkun Engar upplýsingar.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

DNEL - starfsmenn

Efni	Íkomuleið	Tímalengd váhrifa	Áhrif	Gildi
Nafta	Húð	Langtíma (langvinn áhrif)	Altæk	773 mg/kg/dag
Nafta	Innöndun	Langtíma (langvinn áhrif)	Altæk	2035 mg/m^3

DNEL - almenningur

Efni	Íkomuleið	Tímalengd váhrifa	Áhrif	Gildi
Nafta	Húð	Langtíma (langvinn áhrif)	Altæk	699 mg/kg/dag
Nafta	Innöndun	Langtíma (langvinn áhrif)	Altæk	608 mg/m^3

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir Tryggið næga loftræstingu. Persónuhlífar skulu uppfylla viðeigandi staðla, vera í góðu standi og vel við haldið. Leita skal ráða hjá birgi við val á persónuhlífum að teknu tilliti til viðeigandi staðla (EN14042). Hafið samband við Staðlaráð Íslands fyrir frekari upplýsingar um staðla. Mikilvægt er að ganga úr skugga um að persónuhlífar eigi saman.

Hreinlæti Gætið ávallt viðeigandi hreinlætis. Þvoið hendur upp að olnboga og andlit eftir meðhöndlun efna, áður en matast er, reykt, farið á snyrtingu og í lok vinnudags. Þvoið vinnufatnað og hlífðarbúnað reglulega. Fleygið óhreinum fatnaði og skóbúnaði sem ekki er hægt að þvo.

Til hlífðar augum Notið viðurkennd öryggisgleraugu með hliðarvörn (EN166).

Til hlífðar húð Venjulegur vinnufatnaður við meðhöndlun efna.

Til hlífðar höndum Notið hlífðarhanska sem uppfylla kröfur staðalsins EN374 ef hætta er á snertingu við efnið. Notið hanska úr vítoni við langtíma snertingu. Notið nítrílhanska við skammtíma snertingu.

Til hlífðar öndun Notið öndunargrímu með viðeigandi síu ef loftræsting dugar ekki til að halda styrk efnisins undir viðmiðunarmörkum fyrir váhrif (EN405).

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Útlit	Vökvi
Eðlisástand	Fljótandi
Litur	Litarlaust
Lykt	Jarðolía
Suðumark	90-165°C (760mmHg)
Bræðslumark	-20°C
Blossamark	2°C (lokað ílát)
Sjálfsíkveikjuhitastig	260°C
Sprengimörk	
-neðri	0,8%
-efri	6,5%
Gufuþrýstingur	2 kPa við 20°C
Eðlisþyngd	0,71-0,78 við 20°C
Vatnsleysni	Óleysanlegt í vatni
Leysni	Blandanlegt með lífrænum leysum
Seigja	0,55 cSt við 40°C

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Engin gögn.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki
Stöðugleiki Efnið er stöðugt við venjulega meðhöndlun og geymslu.

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum
Skaðleg fjölliðun/efnahvörf Engin gögn.

10.4. Skilyrði sem ber að varast
Varasöm skilyrði Hiti, eldur og aðrir íkveikjugjafar.

10.5. Ósamrýmanleg efni
Efni Sterkir oxarar.

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni
Niðurbrotsefni Engin skaðleg niðurbrotsefni þekkt.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif
Bráð eiturhrif
Nafta (jarðolía)

LD50 Rotta, inntaka	>5840 mg/kg
LC50 Rotta, innöndun	>23300 mg/m^3

Inntaka Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.
Húð Veldur húðertingu.
Innöndun Ekki flokkað.
Augu Ekki flokkað.
Næming Ekki flokkað.
Stökkbreytandi áhrif Ekki flokkað.
Krabbameinsvaldandi áhrif Ekki flokkað.
Eiturhrif á æxlun Ekki flokkað.
Eiturhrif á þroskun Ekki flokkað.
Sértæk eiturhrif á marklíffæri
- váhrif í eitt skipti Getur valdið sljóleika eða svima.
Ásvelgingarhætta Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif
Eiturhrif Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

12.2. Þrávirkni og niðurbrjótanleiki
Lífbrjótanleiki Engin gögn.

12.3. Uppsöfnun í lífverum
Uppsöfnun Engin gögn.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi
Hreyfanleiki Engin gögn.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum
PBT/vPvB Efnið er ekki eða inniheldur ekki PBT- eða vPvB-efni yfir 0,1%.

12.6. Önnur váhrif
Váhrif Engin gögn.

13. ATRIÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs
Förgun vörunnar Varist eða lágmarkið myndun úrgangs. Fargið efninu, lausnum þess, aukaafurðum og umbúðum sem hættulegum úrgangi í samræmi við gildandi lög og reglur.
Förgun umbúða Fjarlægið leifar úr umbúðum. Fargið tómum umbúðum í samræmi við gildandi lög og reglur.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

14.1. Alþjóðlegar reglur
UN-númer 1268
Rétt sendingarheiti PETROLEUM DISTILLATES, N.O.S.
(naphtha (petroleum) hydrotreated light
Hættuflokkur 3
Hættuauðkennisnúmer 33
Pökkunarhópur II
Flokkunarkóði F1
EmS F-E, S-E
Gangakóði (D/E)

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1. Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

15.2. Efnaöryggismat

Efnaöryggismat Efnaöryggismat hefur verið gert fyrir efnið.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hættusetningar

H225 – Mjög eldfimur vökvi og gufa.
H304 – Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.
H315 – Veldur húðertingu.
H336 – Getur valdið sljóleika eða svima.
H411 – Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

Skammstafanir

ADN: Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum.
ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum . Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum.
DNEL: Viðmiðunarmörk fyrir váhrif.
IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning.
PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð.
PNEC: Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg.
REACH: Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni.
TWA: Tímavegið meðaltal.
vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.
STOT RE: Sértæk eiturhrif á marklíffæri, endurtekin váhrif.
STOT SE: Sértæk eiturhrif á marklíffæri, váhrif í eitt skipti.
LC50: Miðgildisbanastyrkur.
LD50: Miðgildisbanaskammtur.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Dags. útgáfu	24. júní 2019.
Útgáfa	3.2.0
Gert þann	11. febrúar 2020.
Þýðing og uppsetning	Reynir Hjálmarsson
Heimild	Heinz Tröber GmbH & Co. KG